

## Gildissvið:

Innkaupastefna Ríkisútvarpsins er byggð á lögum og reglugerðum um opinber innkaup og innkaupastefnu ríkisins, sem samþykkt var í nóvember 2002.

## Markmið:

Markmið innkaupastefnu Ríkisútvarpsins er að tryggja að öll innkaup séu hagkvæm, gegnsæ og ábyrg. Ríkisútvarpið setur sér eftirfarandi vinnureglur:

- Að leita ávallt hagstæðustu leiða í öllum innkaupum.
- Að leitast ávallt við að nýta rammamninga Ríkiskaupa, þar sem þeim verður við komið, eins og gert hefur verið markvisst frá árinu 2000.
- Þar sem Rammamningar Ríkiskaupa ná ekki til skal ávallt gera verðsamanburð og öll innkaup á vörum yfir 5 m.kr. og kaup á þjónustu og verkum yfir 10 m.kr. skal bjóða út í samráði við Ríkiskaup.
- Að stefna að því að taka upp rafræn viðskipti annaðhvort í gegnum Markaðstorg Ríkiskaupa og eða í gegnum Innkaupakort ríkisins á rekstrarvörum.
- Að nota Innkaupakort ríkisins, þar sem hagkvæmt þykir eins og til að mynda með því að nýta kortið til greiðslu reglubundinna reikninga eins og símareikninga og orkureikninga.

## Ábyrgð og skipulagning innkaupa

Útvarpsstjóri ber ábyrgð á innkaupum skv. lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og lögum nr. 94/2001, um opinber innkaup.

## Eftirlit og eftirfylgni

Mikilvægt er að vel sé staðið að eftirliti með opinberum innkaupum. Samkvæmt lögum og reglum um framkvæmd fjárlaga hafa fagráðuneyti eftirlit með rekstri stofnana viðkomandi ráðuneytis og fylgjast með að rekstur sé innan fjárheimilda og að fjármunir séu nýttir á árangursríkan hátt og í samræmi við markmið fjárlaga.

Útvarpsstjóri eða fulltrúi hans meti reglulega og ekki sjaldnar en á árs fresti, árangur af þeim markmiðum sem sett hafa verið og setji sér önnur markmið í framhaldi.

## Kaup á dagskrárefni

RÚV kaupir dagskrárefni af sjálfstæðum framleiðendum og framleiðir í öðrum tilvikum dagskrárefni í samstarfi við sjálfstæða framleiðendur. RÚV fer eftir þeim línunum sem lagðar eru í þjónustusamningi RÚV við Mennta- og menningarmálaráðuneytið um lágmarkshlutfall dagskrárefnis sem kaupa skal af sjálfstæðum framleiðendum.

Við kaup á dagskrárefni eru lögð áhersla á gagnsæi og fagmennsku. Dagskrárstjóri sjónvarps ber ábyrgð á innkaupum og innkaupastefnu. Þegar dagskrárdeild RÚV á frumkvæðið að gerð sjónvarpsefnis er metið hverju sinni, út frá eðli og umfangi efnis auk sjónarmiða er varða hagkvæmni,

gæði, fagmennsku og ritstjórnarstefnu, hvort frekar eigi að framleiða efnið innanhúss eða leita til sjálfstæðra framleiðenda, kvikmyndagerðarmanna og dagskrárgerðarfólks.